

Fundur 5.5. 2025 Elísabet drottning.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

Heilsa ég ykkur enn, og gleður það mig og okkur sem eru stödd í þessum sal, að ná aftur sambandi við ykkur.

Og voru það furðuleg umskiptin fyrir mig og mikil er löngunin að átta sig á umhverfinu og skilja það sem fyrir hefur borið og útskýra það fyrir öðrum.

Leitumst við eftir ýmsum tækifærum að fá að tjá okkur og tjá það að líf okkar er efniskennt á efnislegum hnetti, en ekki í andasviði, eins og töldum við áður.

Og eru það ekki mörg tækifæri að tjá slíkt, en hefur okkur tekist að koma að örfáum orðum í gegn hjá öðrum, og höfum við sagt þeim að við lifum í efniskenndum líkama, en er þá svarið jafnan það að það sé aðeins um stundarsakir.

En höfum við reynt að útskýra að það sé lengur en svo, en gengur það misvel. Já gleður það okkur mjög að komast í sambandið og hér hef ég fengið nýjan líkama og er það mikilsvert og sífellt eitthvað sem kemur á óvart og undur lífsins stórkostleg og margbreytileg.

Var okkur tjá að mikilvægt væri að koma lífi gömlu jarðarinnar í rétt horf og koma á lífstefnu og eru það hugtök sem ég þekkti ekki áður, en fékk að kynnast hér í framlífi.

Og glæsileiki hinna efri stétta verður aðeins tryggður með því að heilsufar og velsæld hinna lægri stétta fari þar saman og ekki stefni mannkynið á ranga braut, heldur aukist af líforku og gleði og kærleika og minnst ég þess þegar ég var yngri að árum á jörðinni fyrir nokkrum áratugum þegar ég hafði mikinn áhuga á þessu, en heilsan fór að bila og margt annað það sem glapti, eins og skilnaður í fjölskyldunni og aðrir fjölskyldu harmleikir og áhyggjur af þjóðinni og annað slíkt.

*Ekki ert Elísabet, fyrirgefðu ?*

Jú rétt er það.

*Velkomin aftur.*

Takk fyrir, takk fyrir.

*Áhyggjur af þjóðinni sagðir þú.*

Áhyggjur af þjóðinni já og hér þegar ég er komin í nýjan líkama, hef ég einbeitt mér að því að læra um lífið og tilveruna og hvernig ég geti orðið að liði.

Og það embætti sem ég hef tekið á mig hér, krefst þess að ég láti mér meira annt um geiminn og gömlu þjóðina mína og gamla mannkynið.

Og margt að læra og til að við fáum aftur þá stöðu sem okkur ber, þarf að koma mörgum til hjálpar og leysa úr vandamálum gömlu þjóðarinnar minnar á jörðinni og mannkynsins.

Og finnst mér það mjög merkilegt að Íslendingar hafi þessu hlutverki að gegna, hér höfum við tekið upp því að nota hesta á ný að miklu leiti og erum að reyna að efla okkar þjóð og hafa ýmis mistök verið leiðrétt sem gerð voru á undanförunum áratugum.

Og reyni ég að senda orku til sonar míns og annara ættingja á jörðinni og erum við hér í sambandi við góða lækna sem reyna að sjá til þess.

Var mér kennt það ungri að Breska heimsveldið væri skör ofar og hefði glæsilega sögu að baki, en hér hef ég lært það meira að hver einasta þjóð í hafi þjóðanna hafi skyldum að gegna og sé mikilvæg til þess að samstilling mannkynsins gangi sem best.

Og var mér einnig sagt það hér í framlífi að ef hinni íslensku þjóð hefði gengið betur að kynna þennan boðskap ykkar um framlíf á öðrum hnöttum og reisa miklar stjörnusambandsstöðvar kærleika og friði, hefði okkar þjóð einnig notið góðs af því.

Og vil ég því hér í framlífi stuðla að því eins og mér er unnt.

Ekki get ég haft þetta erindi mikið lengra að sinni, en vona ég að mér takist síðar að komast í sambandið, þakka ég fyrir.

*Elísabet, má ég segja eitt ?*

Já.

*Getur þú ekki stuðlað að sættum á milli feðganna, Karls og Harrys, það er eitthvað ósætti hjá þeim.*

Já ég hef einmitt áhyggjur af því, en ég hef reynt það, en það hefur ekki gengið til fulls, en ég bið ykkar um að vera mér samhuga í því, og það mun kannski skila eitthverjum árangri, þakka ég fyrir, góð er sú tillaga.

*Má ég bæta við ?*

Já.

*Er eitthvað sem þú gætir sagt til jarðteikna, að Karl myndi vita að væri frá þér og við gætum þá sent það sem hvað eiginlega sem inngang að ósk þinni til hans.*

Nei ég vil ekki fara út í það, það er búið að segja að það sé erfitt að koma með slíkt í gegn, en ég þakka samt fyrir, en þið skuluð reyna að hjálpa mér að hugsa til þeirra og það kannski hjálpar.

*Já við gerum það Elísabet.*

*Ég vil nú óska þér alls hins besta.*

Já þakka ég fyrir, það er margt merkilegt af mér að segja á nýjum hnetti og get ég vonandi komið því að síðar.

Verið þið sæl og bless, takk fyrir mig.

*Sæl vertu, blessuð.*